



## **Reglur fyrir Foreldrafélag Hokkíeildar SA.**

Allir foreldrar geta lagt sitt af mörkum við að gera gott íþróttastarf betra. Foreldrafélag Hokkíeildar Skautafélags Akureyrar hvetur alla foreldra til að koma á einhvern hátt að íþróttaiðkun barna sinna. Munum að stuðningur og áhugi foreldra styrkir börnin til þátttöku í íþróttum.

Foreldrar geta tekið þátt í starfinu með ýmsu móti. Öllum iðkendum hokkí í 3.-7. flokk stendur til boða að taka þátt í einhvers konar fjáröflunum og þar er lykilatriði að allir foreldrar aðstoði börnin sín. Einnig þarf fúsar hendur í vinnu á þeim hokkímótum sem Skautafélag Akureyrar heldur, fararstjórn í ferðum, aðstoð við uppákomur í flokkunum og fleira sem til fellur. Þetta er einnig góð leið til að kynnst öðrum foreldrum og félögum barnanna okkar.

### **Foreldrafélag.**

1. Foreldrafélag Hokkíeildar Skautafélags Akureyrar er félag foreldra og forráðamanna sem eiga börn í hokkíeild Skautafélags Akureyrar.
2. Foreldrafélagið skal hvetja iðkendur á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í starfi og leik.
3. Hlutverk Foreldrafélagsins er fyrst og fremst að stuðla að góðu félagsstarfi barna og unglunga í 3.-7. flokk hjá Hokkíeild S.A., ásamt því að skipuleggja keppnisferðir, fjáraflanir, vorfagnað og aðrar uppákomur fyrir þessa flokka.
4. Fjáraflanir foreldrafélagsins eru tvenns konar,
  - a. Safnanir þar sem allir iðkenndur í 3.- 7. flokk geta tekið þátt og afraksturinn skiptist jafnt á milli þátttakenda eða sala þar sem þátttakendur fá greitt miðað við þann fjölda eininga sem þeir selja og er afraksturinn lagður inn á sér reikning hjá Foreldrafélaginu sem gjaldkeri félagsins sér um.
  - b. Sala á pizzum á heimaleikjum S.A. ásamt öðrum viðburðum í Skautahöllinni, sala á ýmsum varningi t.d. göllum, treyjum



ofl. Einnig sér foreldrafélagið um að tæma dósatunnur í Skautahöllinni annað hvert ár á móti listhlaupadeild. Afrakstur þessi fer í sameiginlegan sjóð sem er notaður til að greiða fyrir vorhátíð og aðra skemmtun sem foreldrafélagið býður upp á. Einnig er þetta notað til að greiða mismun á keppnisferðum ef kostnaðaráætlun stenst ekki.

5. Allir iðkendur í 3.-7. flokk geta tekið þátt í fjáröflunum foreldrafélagsins. Fjáraflanirnar eru ætlaðar til þess að greiða niður kostnað við keppnisferðir. Allar hugmyndir að fjáröflun eru vel þegnar.
6. Foreldrafélag Hokkídeildar S.A. skal upplýsa foreldra/ forráðamenn iðkenda um þær fjáraflanir og starfsemi sem er í gangi hverju sinni.
7. Foreldrafélag Hokkídeildar S.A. sér um að samræma og skipuleggja ferðir flokka og fjáraflanir.
8. Allir yngri flokkar í Hokkídeild S.A. skulu fyrir 1. október velja tvo úr hópi foreldra / forráðamanna sem tengilið fyrir hvern flokk í 3.-7. flokk við stjórn foreldrafélagsins og þjálfara.
9. Aðalfundur foreldrafélagsins skal haldin eigi síðar en 15. september ár hvert. Til aðalfundar skal boða með minnst viku fyrirvara og auglýsa hann vel á vef S.A [www.sasport.is](http://www.sasport.is) ásamt því að setja upp auglýsingar inn í Skautahöll. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
  - 1) Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
  - 2) Stjórn foreldrafélags gefur skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
  - 3) Gjaldkeri foreldrafélagsins gefur skýrslu um fjárhag félagsins og leggur fram reikninga.
  - 4) Kosin 5 manna stjórn og tveir varamenn, formaður er kosinn sér en stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.
  - 5) Lagabreytingar og önnur mál er fram kunna að koma.
  - 6) Á fundinum ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála.



## Fjáraflanir á vegum Foreldrafélags Hokkíeildar S.A.

1. Allar fjáraflanir í nafni Foreldrafélags Hokkíeildar S.A. eru gerðar með vitund og samþykki stjórnar Foreldrafélagsins.
2. Þátttökulisti í fjáröflunum er í umsjá Foreldrafélags Hokkíeildar S.A.
3. Allir peningar sem koma inn við fjáröflun í nafni Foreldrafélags Hokkíeildar S.A. eru í vörslu gjaldkera Foreldrafélags Hokkíeildar S.A. og eru lagðir inn á þar til gerðan reikning sem er á kennitölu Foreldrafélags Hokkíeildar S.A.
4. Hvert barn / forráðamaður fær 1 hlut í sameiginlegum fjáröflunum sem tekið er þátt í, s.s. flöskusöfnunum. Þar sem sala á sér stað s.s. jólapakkningar þá fá þátttakendur greitt miðað við hve margar einingar þeir selja.
5. Þau börn / forráðamenn sem taka þátt í fjáröflun hverju sinni eiga sinn hlut í vörslu Foreldrafélags Hokkíeildar S.A. og geta nýtt hann í ferðakostnað eða annað á vegum félagsins.
6. Gjaldkeri Foreldrafélags Hokkíeildar S.A. sér um að halda utan um eign hvers barns.
7. Eign fyrnist ekki, heldur er færð á milli keppnistímabila.
8. Eign í sjóði má einnig færa á milli systkina.
9. Ef barn hættir að æfa þá rennur hlutur þess í sameigilegan sjóð foreldrafélagsins eftir 12 mánuði.

## Áætlun – Mótalisti/Fjáröflun 2009 – 2010

Dagsetning	Mót	Flokkur	Áætlaður kostnaður	Fjáröflun



## **Reglur vegna keppnisferða á vegum Hokkídeildar S.A.**

### **1. Þátttaka í ferðum.**

ÍHÍ gefur út mótskrá sem hokkídeild S.A. tekur þátt í. Allir sem vilja taka þátt í mótum fá að taka þátt. Iðkendur þurfa þó að vera búnir að ganga frá æfingagjöldum. Foreldrar skrá börn sín í keppnisferðir.

### **2. Fjöldi fararstjóra.**

Í öllum keppnisferðum er nauðsynlegt að hafa fararstjóra fyrir hvert lið, minnst tvo á hvert lið í 3.4.5.6. og 7. flokki. Þumalputtareglan er 1 fararstjóri á hverja 5-8 keppendur. Það er í höndum foreldra að manna þessar ferðir, í samráði við skipuleggjanda ferðarinnar, Foreldrafélag Hokkídeildar S.A.

### **3. Skipulagning ferðar.**

Foreldrafélag Hokkídeildar S.A. sem skipuleggur ferðina ákveður í samráði við þjálfara tilhögun ferðarinnar þ.e. brottfarartíma, ferðamáta og gististað. Eins að útvega öll aðföng s.s. mat og drykk fyrir ferðina. Halda fund með fararstjórum til að ákveða dagskrá ferðarinnar ásamt afþreyingu svo sem kvöldvökur, skoðunarferðir, sundferðir o.fl.

### **4. Hlutverk fararstjóra.**

Fararstjórar bera ábyrgð á börnunum alla keppnisferðina.

### **5. Öryggis- og agareglur.**

- a. Fararstjórar bera ábyrgð á öryggi allra þátttakenda í ferð.
- b. Fararstjórar ráða tilhögun ferðar milli landshluta og milli húsa eða milli hverfa á áfangastað (yfirleitt höfuðborgarsvæðið).
- c. Rútabílstjóri skal fylgja reglum um hámarkshraða, framúrakstur og önnur brýn öryggisatriði. Ef fararstjórar telja misbrest á einhverju ofangreindu skulu þeir strax gera athugasemd.
- d. Ef ferðast er með einkabílum skulu fararstjórar brýna fyrir ökumönnum að virða umferðarreglur, sérstaklega varðandi hámarkshraða, framúrakstur, notkun bílbelta og fjölda farþega í bifreið.



- e. Fararstjórum og þeim sem aka með annarra manna börn í einkabifreiðum er algerlega óheimilt að bragða áfengi sólarhring áður en ferð hefst og þar til henni er lokið. Foreldrum sem taka meiri eða minni þátt í keppnisferð er óheimilt að neyta áfengis á gististað iðkenda eða láta iðkendur á nokkurn hátt verða vara við að þeir hafi neytt áfengis.
- f. Fararstjórum, auka foreldrum, dómurum og þjálfurum er óheimilt að neyta tóbaks í keppnisferð að iðkendum ásjáandi.
- g. Iðkendum er algerlega óheimilt að neyta áfengis, tóbaks og annarra vímuefna í keppnisferðum.
- h. Fararstjórar skulu gæta hópsins öllum stundum og ekki heimila iðkendum að víkja frá hópnum.
- i. Fararstjórar skulu almennt vera til fyrirmyndar varðandi hegðun og snyrtimennsku.
- j. Fararstjórar skulu gæta þess að iðkendur séu félaginu til sóma í hvívetna með góðri hegðun og snyrtimennsku.

## **6. Kostnaður í ferðum.**

Iðkendur greiða kostnað vegna ferðar, gistingar, matar og þjálfara. Fararstjórar greiða ekki fyrir sig heldur leggst kostnaður vegna þeirra ofan á kostnað iðkenda. Kostnaður í ferð er reiknaður þannig að allur kostnaður við ferðina er tekinn og deilt jafnt niður á keppendur.

## **7. Almennar ferðareglur.**

Við förum saman sem lið í allar keppnisferðir, gistum á sama stað og erum saman sem lið í allan tímann. Óheimilt er að taka börn út úr hópnum.

Við leitumst við að hafa hollt nesti / hollt fæði í öllum keppnisferðum og geymum allt sælgæti og gos þar til eftir keppni.



## 8. Annað

- a. Þegar iðkendur eru skráðir í keppnisferðir þarf að gefa upp fullt nafn iðkanda og hvort viðkomandi fari einn eða foreldri fari með í ferðina.
  - a. Ef foreldri fer með – þarf að gefa upp
    1. hvort foreldri ætli að gista með hópnum.
    2. borða málsverði sem boðið er upp á
    3. hvort hann sé tilbúinn að deila herbergi með öðrum eða vilji vera sér
  - b. hvort foreldri ætli að fara með rútunni og ef svo er þá báðar leiðir eða aðra.
  - c. Ef iðkandi fer einn þá ber foreldrum/ foráðamönnum að upplýsa fararstjóra um barnið: hefur það einhverjar sérþarfir/ veikindi, er það vant að sofa annars staðar en heima hjá sér og svona eitt og annað sem auðveldar fararstjórunum og barninu samveruna.
  - d. Ef iðkandi er með eitthvert fæðuofnæmi, sjúkdóm eða tekur lyf þá skal geta þess við skráningu.